


Hugleiðing um Ísland og framtíðina XIX



Vatnajökulsþjóðgarður: Forsagan

Hvaðan kom hugmyndin?

Hvaðan komu rökinn?

**Um hugsanlegar hugmyndafræðilegar og
röklegar forsendur Vatnajökulsþjóðgarðs**

Samantekt 2 - Inngangur 3 – Hluti 1: Ferli málsins 4 – Þáttaskil 4 - Hin upprunalega þingsályktunartillaga 5 - Hvers vegna Vatnajökull? 6 - Hvaðan kom hugmyndin og rökinn? 6 – Langur tími 7 - Var þrýstingur frá samfélaginu? 8 - Kynning hugmynda 1995-1998 9 – Sérstaða 10 – Tranaði sér ekki fram 10 - Hluti 2: Skrif og atburðarás vegna kynningar á hugmyndum um mótun stórt friðlýst svæði á hálendi Íslands, frá árinu 1992 10 – Frumhugmyndin 10 – Hugmynd að stofnun stórs friðaðs svæðis 11 - Fyrirspurn til stjórnarformanns Landsvirkjunar 11 - Lítil könnun á viðbrögðum hjá erlendum hótélkeðjum 11 – Þrjár blaðagreinar í janúar 1995 11 – Fyrsta dreifirit: Nánari skýringar 12 - Viðbrögð þingmanns 12 - Annað dreifirit: Framkvæmdin í einu skrefi með friðun Vatnajökuls 12 - Þriðja dreifirit: Viðbrögð við sæstrengsumræðu 12 – Verðlaun í samkeppninni Ísland árið 2018 12 - Talað á fundum og ráðstefnum 13 - Viðtal og forystugrein í Morgunblaðinu 13 - Verðlaun í ritgerðarsamkeppni Vísbendingar 13 - Í kaffi hjá þingmanni 14 - Blaðgrein vegna skipulags hálendisins 14 - Skrif í bókina “Hugmyndir,” 14 - Meðal megin ábendinga í lokaverkefni við Copenhagen Business School 15 - Til tíðinda dregur á Alþingi og hjá ríkisstjórn 15 - Ritgerð um hugsanleg viðhorf Íslendinga 15 - Frekari skrif í tilefni stofnunar þjóðgarðsins 15 - Hluti 3: Sérstaða 16 - Hluti 4: Hvers vegna lítt áberandi? 18 – Samkvæmt stefnu 18 - Tími takmörkuð auðlind 18 - “Hver er þessi maður eiginlega?” 19 - Nýjar hugmyndir hljóta samþykki smám saman 19 - Reyndi að forðast átök vegna gífurlegra hagsmuna 20 - Tekið að láni úr hernaðarvísindum 21 - Lokaorð 22 - Um höfund 23

Samantekt

Vatnajökulshjóðgarður verður stærsti hjóðgarður Evrópu. Ein megin þáttaskil á leiðinni frá hugdettu til formlegrar stofnunar fólust í samþykkt Alþingis þann 10. mars 1999 á þingsályktunartillögu um Vatnajökulshjóðgarð. Upprunalega tillagan var sett fram af Hjörleifi Guttormssyni árið 1998 um fjóra jöklaþjóðgarða á hálendinu, en í umhverfisnefnd Alþingis var henni breytt í tillögu um Vatnajökul að tillögu Hjörleifs, í febrúar 1999, þar sem ljóst var að ekki var stuðningur fyrir fjórum þjóðgörðum í einni lotu. Tillagan var samþykkt af 20 þingmönnum Sjálfstæðisflokks, 8 Framsóknarflokks, 13 Samfylkingar og 5 Óháðra (nú Vinstri-grænir).

Hvað gerðist áður en þingsályktunartillagan var samþykkt? Líklega var Hjörleifur fyrstur til að tala opinberlega um möguleika þess að friða Vatnajökul. Á náttúruverndarþingi árið 1993 lagði hann fram lista yfir 17 svæði á Austurlandi sem hann lagði til að yrðu skoðuð sérstaklega m.t.t. friðunar, og var Vatnajökull þeirra á meðal. Tillagan varð ekki fyrirferðamikil á þinginu, enda lítill áhugi þá á frekari friðlýsingum vegna fjárskorts. Hjörleifur lagði ekki áherslu á að vinna að hugmynd um friðun Vatnajökuls opinberlega næstu árin eftir 1993. Vatnajökull var ekki á náttúruminjaskrá, á náttúruverndarþingi var aldrei samþykkt ályktun um þetta, og raddir um friðun jökulsins var ekki áberandi í samfélaginu á árunum 1993-1998.

Á þessum tíma var þó einn aðili að leggja til stofnun stórs friðlýsts svæðis eða þjóðgarðs á hálendi Íslands, þar sem skrefið til framkvæmda væri friðlýsing Vatnajökuls. Átti hann frumkvæðið að því að setja fram beina, rökstudda tillögu um það svæði opinberlega. Þessar hugmyndir voru lagðar fram sem markaðshugmyndir, til að styrkja atvinnulíf á Íslandi, og var sjónarhorn mun víðara en venjan var um náttúruverndarhugmyndir. Einnig var lögð áhersla á að sýna hvernig andstæð sjónarmið virkjanageira og náttúruverndar gætu ef til vill lifað í sæmilegri sátt. Bæði viðhorf voru nokkur nýlunda. Það var lítt þekktur viðskiptafræðinemi við H.Í., Sverrir Sv. Sigurðarson, sem setti fram þessar hugmyndir að eigin frumkvæði, og vann hann einn og án stuðnings frá öðrum. Tilgangurinn var að auðga umræðuna. Hann var ekki í tengslum við Hjörleif eða náttúruverndarsamtök og vissi ekki af tillögu Hjörleifs.

Hann fékk sína frumhugmynd árið 1992 og þróaði hana hægt og rólega. Hann kynnti hugmyndina fyrir 30 erlendum hótélkeðjum til að fá viðbrögð út frá forsendum ferðaþjónustufyrirtækja, og ákvað í framhaldinu að kynna hana fyrir löndum sínum. Hann birti þrjár heilsíðu greinar í Morgunblaðinu í upphafi árs 1995. Hann setti einnig saman þrjár stuttar ritgerðir það sama ár og sendi til þingmanna, ráðuneyta, stofnana og annarra sem áhuga gætu haft. Árið 1996 vann hann til verðlauna fyrir hugmyndir sínar í samkeppninni Ísland árið 2018, sem haldin var af Umhverfissráðuneytinu og Skipulagi ríkisins. Í janúar 1997 birti Morgunblaðið stutt viðtal við hann um málið, og fjallaði svo um hugmyndirnar í forystugrein daginn eftir. Líklega er afar sjaldgæft að forystugrein birtist með þessum hætti um hugmyndir háskólanema, en þetta var raunar eina opinbera umræðan um hugmyndina utan málflutnings Sverris. Um vorið 1997 sigraði hann í ritgerðasamkeppni tímaritsins Vísbendingar, og um haustið það ár birti hann grein í Morgunblaðinu vegna skipulags hálendisins. Árið 1998 var hann beðinn að vera meðal höfunda í greinasafninu Hugmyndir, og skrifaði grein um náttúru Íslands og viðskiptalífið. Hann var eini námsmaðurinn meðal 22 höfunda, en bókin kom út í desember 1998, þrem mánuðum fyrir samþykkt þingsályktunartillögunnar. Fyrir utan þetta talaði hann á nokkrum fundum og ráðstefnum, en lagði að öðru leiti áherslu á að vera sem minnst áberandi sjálfur, m.a. til að hans lítt þekkta persóna væri ekki að þvælast fyrir málinu. Því eru ekki margir sem hafa heyrt hans getið í dag.

Inngangur: Fyrir áhugamenn um sögulegan bakgrunn málsins

Væntanlegur Vatnajökulsþjóðgarður verður sá stærsti í Evrópu, þjóðgarður elds og ísa sem mun ekki eiga sína líka. Hann mun í framtíðinni hafa umtalsverð áhrif á heildar yfirbragð landsins. Hugmyndin um þjóðgarðinn komst í formlegan farveg þegar Alþingi samþykkti þingsályktunartillögu í mars árið 1999. Áformum um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs hefur almennt verið vel tekið, sérstaklega meðal heimamanna, og lítið sem ekkert hefur heyrst af deilum eða gagnrýni.

Ómögulegt er að segja hver fékk fyrstur, eða fyrst, hugmyndina að því að friða Vatnajökul sem þjóðgarð eða aðra gerð af náttúruverndarsvæði. Hún hefur líklega kviknað í kalli einhvers sem var á staðnum, og hafði nán tengsl við Vatnajökul og umhverfi hans. Ljóst er að sú hugmynd kom upp í huga einhvers fyrir árið 1993, en þá hefur höfundur fyrstu fregnir af því að slíkt hafi verið viðrað opinberlega. Hugmyndin sem slík skiptir ekki aðeins máli, heldur ekki síður hvaða röksemdum er teflt fram sem leiddi til þess að slík hugmynd var samþykkt af þeim sem veittu málinu brautargengi.

Fáir virðast spyrja spurninga um það, af hverju þessi hugmynd var valin eða hvaðan röksemdir fyrir henni komu. Í þessu hefti verður leitað svara við þessari spurningu og reynt að draga fram nokkrar sögulegar staðreyndir sem skipta máli. Hér verður sjónum beint að því sem átti sér stað á opinberum og hálfopinberum vettvangi, eftir því sem höfundur best þekkir til, og þá sérstaklega hvar komu fram nýjar tillögur og röksemdir um málið. Ekki verður hægt að gera grein fyrir því hvað fór fram milli manna í einkasamtölum sem höfundur veit ekki um.

Efni þessa heftis fyrst og fremst áhugavert fyrir þá sem kynnu að hafa áhuga á sögu þessa máls. Hér verða ekki kynntar neinar nýjar hugmyndir eða röksemdir. Aðrir kynnu að hafa aðra sýn eða upplýsingar til viðbótar um málið, sem eðlilegt er, og skal ekki fullyrt að hér sé um endanlegar upplýsingar að ræða.



Sverrir Sv. Sigurðarson

(Nánari upplýsingar um höfund eru aftast. Öll fyrri skrif höfundar eru á vefnum www.sssig.com).

Hluti 1: Ferli málsins

Þáttaskil

Þetta mál hefur gengið gegnum ýmis stig og er ekki formlega lokið þegar þessi orð eru rituð, en líklega myndu fáir mótmæla því að ein megin þáttaskil í málinu urðu þegar 46 þingmenn samþykktu á Alþingi þingsályktunartillögu um Vatnajökulsþjóðgarð, þann 10. mars árið 1999. Tillagan var samþykkt af 20 þingmönnum Sjálfstæðisflokksins og 8 þingmönnum Framsóknarflokksins, ásamt 5 þingmönnum Óháðra (nú Vinstri hreyfingin – grænt framboð) og 13 þingmönnum Samfylkingar.¹ Texti tillögunnar var svohljóðandi:

“Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að láta kanna, í samvinnu við skipulagsyfirkvöld og hugsanlega rétthafa, möguleika á að stofna Vatnajökulsþjóðgarð. Umhverfisráðherra kynni Alþingi stöðu málsins á vorþingi árið 2000 með það í huga að unnt verði að stofna Vatnajökulsþjóðgarð á aldamótaárinu.”

Eftir samþykkt tillögunnar fór málið hina eðlilegu leið. Umhverfisráðherra var Guðmundur Bjarnason. Þremur mánuðum síðar voru kosningar til Alþingis, og í kjölfar þeirra varð Siv Friðleifsdóttir umhverfisráðherra og fékk málið í sínar hendur. Stofnun þjóðgarðsins var samþykkt í ríkisstjórn þann 26. september árið 2000, eftir tillögu Sivjar Friðleifsdóttur umhverfisráðherra. Málið hefur farið um hendur ráðherra, nefnda, embættismanna og stjórnmalamanna, og hafa ýmsar útfærslur verið skoðaðar á því hvernig þjóðgarðurinn muni líta út. Fjórar nefndir skipaðar af ráðherra hafa skilað sínum skýrslum um málið. Jafnframt hófst almenn umræða, blaðaskrif og ráðstefnuhald eftir samþykkt tillögunnar. Óvissuatriði eru enn þegar þetta er ritað um hvernig sé háttáð eignarhaldi á vissum svæðum jökulsins, og eru þau mál til umfjöllunar hjá Öbyggðanefnd.

Árið 1997 var auglýst tillaga að skipulagi hálendisins, og var þar gert ráð fyrir að hálendinu myndi verða skipt í verndarsvæði og mannvirkjabelti. Samkvæmt tillögunni

¹ Atkvæði einstakra þingmanna féllu sem hér segir (heimild www.althingi.is):

Já greiddu 46 þingmenn:

8 af þingmönnum Framsóknarflokks: Elin R. Lindal, Guðni Ágústsson, Hjálmar Árnason, Ísolfur Gylfi Pálmason, Jón Kristjánsson, Jónas Hallgrímsson, Kristinn H. Gunnarsson, Stefán Guðmundsson.

13 af þingmönnum Samfylkingar: Ágúst Einarsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Gísli S. Einarsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Guðný Guðbjörnsdóttir, Guðrún Helgadóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson, Magnús Árni Magnússon, Rannveig Guðmundsdóttir, Sighvatur Björgvinsson, Svanfríður Jónasdóttir, Össur Skarphéðinsson.

20 af þingmönnum Sjálfstæðisflokks: Árni R. Árnason, Árni Johnsen, Árni M. Mathiesen, Björn Bjarnason, Egill Jónsson, Einar K. Guðfinnsson, Einar Oddur Kristjánsson, Geir H. Haarde, Guðjón Guðmundsson, Guðmundur Hallvarðsson, Hjálmar Jónsson, Katrín Fjeldsted, Kristján Pálsson, Ólafur G. Einarsson, Pétur H. Blöndal, Sigríður A. Þórðardóttir, Sturla Böðvarsson, Svanhildur Árnadóttir, Tómas Ingi Olrich, Vilhjálmur Egilsson.

5 af þingmönnum þáv. Þingflokks óháðra: Hjörleifur Guttormsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Ögmundur Jónasson.

Fjarverandi voru 17 þingmenn:

8 af þingmönnum Framsóknarflokks: Finnur Ingólfsson, Guðmundur Bjarnason, Gunnlaugur M. Sigmundsson, Ingibjörg Pálmadóttir, Magnús Stefánsson, Ólafur Örn Haraldsson, Siv Friðleifsdóttir, Valgerður Sverrisdóttir.

4 af þingmönnum Samfylkingar: Ásta R. Jóhannesdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Ragnar Arnalds, Sigríður Jóhannesdóttir.

5 af þingmönnum Sjálfstæðisflokks: Arnbjörg Sveinsdóttir, Davíð Oddsson, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Sólveig Pétursdóttir, Þorsteinn Pálsson.

Nei greiddu 0, greiddu ekki atkv. 0, fjarvist 0.

myndi Vatnajökull tilheyrja verndarsvæðum, og voru skipulagsyfirlönd þar með búin að gefa grænt ljós á að Vatnajökull gæti orðið þjóðgarður, og reyndar mörg önnur svæði einnig, en skipulagið var endanlega staðfest þann 10. maí 1999, eða nokkrum mánuðum eftir samþykkt þingsályktunartillögunnar.

Þann 12. september 2004 var undirrituð viljayfirlýsing milli umhverfisráðuneytisins og Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Skaftárhrepps um stækkun Þjóðgarðsins í Skaftafelli. Eftir þá gjörð mun þjóðgarðurinn ná yfir 58% af Vatnajökli.² Stefnt er að stofnun þjóðgarðs sem nær yfir allan jökulinn fljótlega á næstu árum. Einnig hafa komið fram tillögur frá ráðherraskipaðri þingmannanefnd um þjóðgarð norðan jökulsins, og virðist höfundurinn sem að nokkur sátt ríki um þær hugmyndir.³

Ljóst er hvert stefnir nú varðandi Vatnajökulshjóðgarð, sem verður stærsti þjóðgarður Evrópu. Hins vegar er fróðlegt að skoða ferli málsins áður en þingsályktunartillagan var samþykkt? Hvers vegna komst þessi hugmynd upp á borð og var samþykkt?

Hin upprunalega þingsályktunartillaga

Upprunalega þingsályktunartillagan var sett fram af Hjörleifi Guttormssyni þann 3. febrúar árið 1998. Hún kvað á um stofnun fjögurra jöklaþjóðgarða með friðun stærstu jöklanna á miðhálandinu, Hofsjökuls, Langjökuls, Mýrdalsjökuls og Vatnajökuls, (122. löggjafarþing 1997–98, 406. mál). Í ítarlegum rökstuðningi var m.a. lögð áhersla á náttúruvar og nauðsyn vatnsverndar, þar sem jöklarnir væru auk þess táknið hins ósnortna. Einnig sagði þar að mikilvægt væri að vernda náttúruna vegna ferðaþjónustunnar hér á landi. Tillöguna má nálgast á vef Alþingis, www.althingi.is.

Tillögunni var vísað til umhverfisnefndar þann 9. febrúar, sem óskaði eftir umsögn fjölda aðila. 33 umsagnir bárust og voru flestar þeirra jákvæðar.⁴ Engin þeirra sneri að friðun Vatnajökuls sérstaklega, heldur að öllum fjórum sbr. tillöguna. Tillagan var aftur sett fram á Alþingi þann 6. október 1998 (123. löggjafarþing 1998–99, 16. mál), og var vísað til umhverfisnefndar þann 2. nóvember sama ár.

Málið var tekið fyrir á fundi umhverfisnefndar þann 4. febrúar 1999. Í fundargerðabók kemur fram að vilji væri fyrir því innan nefndarinnar að minna svæði væri tekið undir

² Sjá myndir frá þeirri gjörð á vef höfundar www.sssig.com/thjodgardur/myndir-12-9-2004-1.htm

³ Nafn skýrslu nefndarinnar er “Þjóðgarður norðan Vatnajökuls – skýrsla nefndar um stofnun þjóðgarðs eða verndarsvæðis norðan Vatnajökuls”, útg. umhverfisráðuneytið, maí 2004. Í nefndinni sátu þingmennirnir Arnbjörg Sveinsdóttir, Sjálfstæðisflokkurinn, Magnús Stefánsson, Framsóknarflokkurinn, Steingrímur J. Sigfússon, Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, og Óssur Skarphéðinsson, Samfylkingunni, en formaður nefndarinnar var Magnús Jóhannesson, ráðuneytisstjóri umhverfisráðuneytisins.

⁴ Umsögn veittu: Alþýðusamband Íslands, Arkitektafélag Íslands, Búnaðarþing 1998, Bændasamtök Íslands, Ferðafélag Íslands, Ferðaklúbburinn 4x4, Félag íslenskra náttúrufræðinga, Félag leiðsögumanna, Félagsmálaráðuneytið, Héraðsnefnd Árnesinga, Héraðsnefnd Eyjafjarðar, Héraðsnefnd Rangæinga, Héraðsnefnd V-Húnavatnssýslu, Héraðsnefnd Þingeyinga, Hið íslenska náttúrufræðifélag, Laganefnd Lögmannafélags Íslands, Landbúnaðarráðuneytið, Landgræðsla ríkisins, Landvernd, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúruvernd ríkisins, Náttúruverndarráð, Náttúruverndarsamtök Austurlands, Neytendasamtökin, Orkustofnun, Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Samtök sveitarfélaga á Suðurnesjum, Skipulagsstofnun, Skotveiðifélag Íslands, Skógrækt ríkisins, Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, Veðurstofa Íslands.

Þjóðgarð. Hjörleifur Guttormsson lagði þá til að Vatnajökulssvæðið væri gert að þjóðgarði, og var það bókað. Var ákveðið að fresta ákvörðun málsins. Málið var rætt á fundum nefndarinnar þann 11. febrúar og 22. febrúar en engar ákvarðanir teknar. Þann 6. mars 1999 var svo enn fundur í umhverfisnefnd þar sem málsmeðferð var rædd. Í fundargerðarbók stendur svo: “Málið samþykkt með breytingu þar sem umhverfisráðherra verði falið að láta kanna möguleika á stofnun Vatnajökulshjúðgarðs.”⁵

Þingsályktunartillagan um Vatnajökulshjúðgarð var svo samþykkt á Alþingi þann 10. mars 1999 eins og áður sagði.

Hvers vegna Vatnajökull?

Spyrja má hvers vegna stuðningur var fyrir því í umhverfisnefnd, og í framhaldi hjá Alþingi og í ríkisstjórn, þar sem Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur voru í forsæti, að eingöngu skyldi stefnt að friðun Vatnajökuls? Það var ekki rökstutt í greinargerð umhverfisnefndar Alþingis, en er hins vegar fullgild spurning.

Hugsanlega hefði mátt velja annan jökul, til dæmis Langjökul sem er nálægt Þingvallahjúðgarði og næst höfuðborginni, Hofsjökul sem trónir á miðju landinu, auk þess sem Þjórsárver liggja upp að honum en þau njóta sérstakrar verndar vegna Ramsar-sáttmálans, eða Mýrdalsjökul sem liggur þétt upp að Þórsmörk og myndi sem slíkur mynda sterka heild með einum vinsælasta útivistarstað Íslendinga. Mýrdalsjökull er minnsti jökullinn af þessum fjórum og líklega ódýrara að stofna þar þjóðgarð en á Vatnajökli, enda minni þörf á að byggja upp miðstöðvar fyrir gesti vegna slíkra bygginga í Þórsmörk.

Hvaðan kom hugmyndin og rökin?

Eins og áður sagði er ómögulegt að segja hver í sjálfu sér fékk fyrst hugmyndina að því að friða hina mikilfenglegu íshettu stærsta jökuls Evrópu ásamt nálægum svæðum, sem nú er stefnt að því að verði stærsti þjóðgarður Evrópu.

Líklegt er að Hjörleifur Guttormsson hafi verið fyrstur til að varpa fram hugmynd þess efnis á opinberum vettvangi. Það mun hafa verið á 8. náttúruverndarþingi, sem haldið var í október árið 1993. Þar lagði Hjörleifur fram lista 17 svæða á Austurlandi þar sem sagði að “lagt er til að verði skoðuð sérstaklega m.t.t. að þau verði gerð að þjóðgördum eða annars konar verndarsvæðum,” og var Vatnajökull eitt af þeim.⁶ Ef til vill var hann því fyrstur til að fá hugmynd að friðun Vatnajökuls og kann það að hafa gerst talsvert fyrr en þetta. Þessari hugmynd var ásamt fleiri tillögum frá þingfulltrúum vísað til Náttúruverndarráðs til úrvinnslu. Fram kom þegar höfundur

⁵ Í nefndinni sátu Ólafur Örn Haraldsson formaður, Hjörleifur Guttormsson, Margrét Frímannsdóttir, Árni M. Mathiesen, Ísólfr Gylfi Pálmason, Magnús Árni Magnússon og Kristján Pálsson.

⁶ Svæðin á listanum voru: 1 Krepputunga og Kverkfjöll. 2 Brúardalur. 3 Snæfell og nágrenni. 4 Votlendi (blánnar) í Hjaltastaðahá. 5 Dyrkjöll og Stóruð. 6 Víkur sunnan Borgarfjarðar og Loðmundarfjörður. 7 Gerpissvæðið. 8 Skrúður (eyja). 9 Þingmúli, Skriðuvatn, Haugahólar og grennd. 10 Breiðdalseldstöð (fjallendi milli Breiðdals og Berufjarðar). 11 Papey. 12 Geithellnadalur (Múladalur). 13. Horn (Vestrahorn) með Papafirði og Skarðsfirði. 14 Umhverfi Hoffellsjökuls. 15 Vatnsdalur og Humalkló. 16 Fjallendi í Suðursveit. 17. Vatnajökull með skriðjökulum. Ellefu þessara svæða voru á náttúruminjaskrá, en hin sex, nr. 2, 10, 13, 14, 15 og 17 (Vatnajökull) voru það ekki. Árið 2004 var eitt þessara sex, Vestrahorn nr. 13, komið á náttúruminjaskrá en hin ekki.

spurðist fyrir hjá nokkrum aðilum að fáir virtust muna eftir að nokkurn tímann hefði verið minnst á friðun Vatnajökuls fyrir árið 1995. Þetta er skiljanlegra þar sem jökullinn var þarna í hópi 17 svæða, en ekki var sett fram hnitmiðuð og áberandi tillaga um friðun hans. Á þessum tíma var lítil áhersla lögð á friðun nýrra svæða þar sem mönnum fannst fé vera naumt skammtað til þeirra svæða sem voru friðuð fyrir.

Í staðinn var samþykkt ályktun um eldfjallafriðland, vestan og norðan Vatnajökuls. Sú tillaga var unnin og sett fram af Kára Kristjánssyni, Bryndísi Brandsdóttur og Jóni Viðar. Ályktunin um eldfjallafriðlandið var ítrekuð á 9. náttúruverndarþinginu sem haldið var vorið 1997. Taka má fram að tillagan að þjóðgarði norðan Vatnajökuls, sem fram kemur í niðurstöðum þingmannanefndar sem skilað var til umhverfisráðherra í maí árið 2004, er að mörgu leiti endurspeglun tillögunnar um eldfjallafriðland. Því virðist sem að bæði þessi hugmynd og sú um friðun Vatnajökuls séu nú að verða að veruleika.

Samkvæmt athugasemd sem höfundur fékk frá Hjörleifi Guttormssyni þann 22. október 2004 mun hann ekki hafa unnið opinberlega að frekari kynningu hugmyndarinnar um friðun Vatnajökuls næstu árin á eftir. Hann minntist t.d. ekki á friðun jökla á fundi í M.H. árið 1997 (sjá bls. 12). Þessi tillaga árið 1993 var þó ein megin forsendan sem hann hafði þegar hann setti fram þingsályktunartillögu sína um fjóra jöklaþjóðgarða í febrúar árið 1998. Auk Vatnajökuls á listanum yfir hin 17 svæði tengdust svæði nr. 1 og 14-16 einnig jöklinum, “þannig að skammt er þarna í þá útfærslu sem fram kom í þingsályktunartillögunni um jökulinn með aðliggjandi svæðum allt um kring” segir í athugasemddinni frá Hjörleifi. Aðrar forsendur Hjörleifs voru m.a. þær að hann hafði átt frumkvæði að stofnun Náttúruverndarsamtaka Austurlands árið 1970. Settu þau fram margar tillögur sem leiddi m.a. til friðlýsingar á Lónsöræfum á árunum 1974-1977, en innan þeirra er dálítill skiki af austasta hluta Vatnajökuls. Einnig átti hann sæti í Náttúruverndarráði árin 1972-78 og var þá formaður Skaftafellsnefndar ráðsins. Á 8. áratugnum vann hann að rannsóknum fram með Vatnajökli norðanverðum og á 9. áratugnum varði hann mörgum sumarleyfum í ferðir sunnan og vestan jökulsins, og á jöklinum. Þetta endurspegladist m.a. í Árbók Ferðafélags Íslands 1993 og ritinu Leynardómar Vatnajökuls 1997. Þetta allt, ásamt því sem Hjörleifur nefnir “hálandisumræðu” 10. áratugarins, var að hans sögn bakgrunnur þingsályktunartillögunnar sem hann flutti árið 1998 og var samþykkt í mars árið 1999.

Langur tími

Tillagan um hin 17 svæði á náttúruverndarþingi árið 1993 eru augljós undanfari þingsályktunartillögunnar sem sett var fram 1998. Hins vegar vekur sá langi tími sem leið á milli árunum 1993 og til mars 1999 spurningar, og ekki síst vegna þess hvaða flokka þurfti til að þingsályktunartillagan myndi hljóta samþykki.

Þar er rétt að horfa til þess að þá voru í stjórn Sjálfstæðis- og Framsóknarflokkur, en Hjörleifur var í stjórnarandstöðu. Það er svo að það er ekki almenn regla að stjórnarþingmenn séu að veita tillögum stjórnarandstöðunnar brautargengi. Þessi þingsályktunartillaga hafði því nokkra sérstöðu. Af öllum frumvörpum og þingsályktunartillögum um náttúruvernd sem Hjörleifur setti fram, á þeim þingum sem hann var í stjórnarandstöðu, var þetta sú eina af slíkum sem var samþykkt á 21

árs þingferli. Af þeim 16 þingsályktunartillögum og frumvörpum sem hann setti fram um ýmis mál á 123. þinginu var þetta einnig sú eina sem var samþykkt. Saga annarra stjórnarandstöðubingmanna úr hvaða flokki sem er gegnum tíðina er eflaust svipuð.

Til viðbótar þessu kemur að þegar stjórnarandstöðubingmenn höfðu fengið þingsályktunartillögur samþykktar, brá stundum til beggja vona að eftir þeim væri unnið í stjórnkerfinu. Þetta kristallast í orðum annars stjórnarandstæðings, Össurar Skarphéðinssonar, en hann sagði við aðra umræðu um þingsályktunartillöguna þann 10.3.1999: “Það er oft þannig að þegar góðar tillögur koma eins og þessi, sem kemur frá manni sem hefur verið harður í stjórnarandstöðu sinni við núverandi ríkisstjórn, að næst kraftaverki stappar ef menn raunverulega ráðast í það að tillögunni samþykktri að koma þessu á fót.”⁷

En það gerðist í þessu tilviki að þingsályktunartillagan um Vatnajökulsþjóðgarð var samþykkt, hún unnin alla leið í ráðuneytinu, stofnun þjóðgarðsins var samþykkt í ríkisstjórn, og þegar þetta er ritað nálgast sú stund að fyrsti áfangi stækkunar þjóðgarðsins verði að veruleika.

Var þrýstingur frá samfélaginu?

Í ljósi þessa liggur beint við að skoða hvaðan aðrar röksemdir fyrir þessu kunna að hafa komið. Hverjir voru að tala um þetta? Hvaðan kom þrýstingurinn sem leiddi til þess að þingmenn samþykktu þetta mál og ríkisstjórnin sjálf í framhaldinu? Þegar málið er skoðað kemur í ljós að:

- Náttúruminjaskrá geymir þau svæði sem talin eru merkileg vegna náttúruverndargildis, en hafa ekki verið formlega friðlýst og njóta því engrar verndar. Gjarnan er litið á náttúruminjaskrá sem biðlista svæða fyrir friðun síðar. Þegar þetta er ritað eru 324 svæði á náttúruminjaskrá. Hluti Vatnajökuls sem tilheyrir Núpsstað var á náttúruminjaskrá, en afgangurinn af jöklinum er ekki á náttúruminjaskrá, og virðist ekki hafa verið á leið þangað áður en þingsályktunartillagan var samþykkt. Með því að velja Vatnajökul var verið að ganga fram hjá þeim svæðum sem voru á náttúruminjaskrá.⁸
- Náttúruverndarþing hafa verið haldin á þriggja ára fresti á vegum (þáverandi) Náttúruverndarráðs. Þar koma samar fulltrúa allra þeirra aðila sem láta sig náttúruvernd varða eða þurfa að taka tillit til hennar í starfsemi sinni. Náttúruverndarþing samþykkja ályktanir um það sem þau telja æskilegt að stefnt sé að í umhverfismálum, náttúruvernd og friðlýsingum á Íslandi. Frá árunum 1972 til 2000 var aldrei samþykkt ályktun sem sneri að Vatnajökli á neinn hátt.⁹
- Náttúruverndarsinnar, eins og þeir koma saman í sínum skipulögðu samtökum, höfðu þar fyrir utan ekki lagt mikla áherslu á að þrýsta á um friðun

⁷ Sjá vef Alþingis, undir: Vatnajökulsþjóðgarður, 16. mál þingsályktunartillaga, 123. lögjafarþing.

⁸ Hér ber að geta að árið 2003 kynnti Sív Friðleifsdóttir, umhverfisráðherra, drög að náttúruverndaráætlun þar sem stefnt skyldi að friðun 77 svæða á næstu árum.

⁹ Á 5. náttúruverndarþingi sem var 13.-15. apríl 1984 var samþykkt ályktun um að skoðað skyldi hvar væru enn svæði laus við vegi, slóða og önnur mannvirki. Skyldu nokkur slík valin og þau friðlýst. Vatnajökull er augljóslega laus við vegi og slóða, og laus við mannvirki utan örfárna skála, en varla höfðu menn Vatnajökul beint í huga.

Vatnajökuls alls. Þeirra kraftar fóru í annað, meðal annars andmæli gegn virkjanaframkvæmdum. Aðaláhersla náttúruverndarsinna hefur alltaf verið á svæði sem hefðu sérstöðu vegna líffræðilegra og jarðfræðilegra þátta.

- Heimamenn umhverfis jökulinn, aðilar í ferðaþjónustu, stjórnámamenn og almenningur almennt virðast ekki hafa verið að þrýsta á um friðun Vatnajökuls á árunum á undan, þannig að hægt væri að taka eftir því opinberlega.
- Virkjana- og stóriðjusinnar, svo hringnum sé lokað, höfðu auðvitað ekki verið að þrýsta á um friðun Vatnajökuls, um það þarf vart að ræða. Þó hefur Landsvirkjun lagt áherslu á þá skoðun fyrirtækisins að virkjun og hugsanlegur þjóðgarður geti farið ágætlega saman.

Af þessu er augljóst, að þrýstingur og umræða í samfélaginu um friðun Vatnajökuls var svo gott sem ekki fyrir hendi, en á slíkum þrýstingi og umræðu hljóta áherslur og ákvarðanir þingmanna oft að byggjast, ekki síst um slíka aðgerð.

Tekið skal fram að hlutar jökulsins voru þegar friðaðir, alls um 19%. Þetta var friðland í Esjufjöllum nálægt miðju jökulsins sem friðað var árið 1978, og svo var þjóðgarðurinn í Skaftafelli færður upp á jökulinn árið 1984, og innifól þá Grímsvötn. En það virðist ekki hafa getið af sér almennan áhuga á því að “klára málið”.

Kynning hugmynda 1995-1998

Þegar málið er skoðað enn betur kemur í ljós að á árunum 1995 til 1998 var einn, og líklega aðeins einn aðili, að koma skipulega á framfæri opinberlega hugmyndum og röksemdum, sem sneru að því að friðlýsa allan Vatnajökul. Hann virðist einnig hafa verið sá eini sem stóð fyrir því sem nefna mátti umræðu á þeim tíma, þar til þingsályktunartillagan um Vatnajökulsþjóðgarð kom fram og var samþykkt.¹⁰

Þetta var umfangsmikil kynning og þróun sem stóð yfir í fjögur ár, frá byrjun árs 1995 og lauk í lok árs 1998. Vinnan hófst raunar um haustið 1992, en frá þeim tíma og fram til 1995 var hugmyndin í þróun. Hér voru raunar á ferðinni markaðshugmyndir sem byggðu á náttúruvernd, og snerust um leiðir til að styrkja ímynd landsins sem gæti bætt stöðu ýmissa atvinnugreina.

Þarna var á ferðinni lítt þekktur nemandi í viðskiptafræðum við Háskóla Íslands, Sverrir Sveinn Sigurðarson, sem að svo tiltölulega lítið bar á var að kynna hugmynd um stofnun mjög stórs friðaðs svæðis eða þjóðgarðs á hálendi Íslands, sem stofna mátti í einu skrefi með því að allur Vatnajökull skyldi friðlýstur, og aðliggjandi friðuð svæði þar með tengd saman í eina stóra heild. Hann gerði þetta einn og óumbeðið af áhuga, í frítíma meðfram námi, og fékk ekkert greitt fyrir utan

¹⁰ Þetta byggir á reynslu höfundar sem fylgdist vel með á þeim tíma. Einnig má nefna að þau mál sem einhverju varða í samfélaginu enda gjarnan á síðum Morgunblaðsins, í greinum eða fréttum, og búast hefði mátt við því af svo stóru máli. Athugun í gagnasafni Morgunblaðsins frá 1986 til 1999 leiðir í ljós að aldrei birtist grein eða frétt sem snerist eingöngu um tillögu að friðun Vatnajökuls, að undanskildum þeim greinum sem lýst verður hér á eftir. Ef einhver getur bent á hið gagnstæða væri vel þegið að fá nákvæma útlistun á því. Hér má þó telja eina frétt og tvær greinar sem birtust í 4. febrúar, 1. mars og 8. mars 1998 í Morgunblaðinu, um þingsályktunartillögu Hjörleifs um fjóra jöklaþjóðgarða, þegar hún var sett fram í fyrsta sinn í febrúar 1998. Það er svipað mál en ekki það sama.

verðlaunafé í tveimur samkeppnum. Hvatinn var fyrst og fremst sá að gera gagn, enda ljóst að hann myndi ekki hagnast umfram aðra á slíkri aðgerð.

Allt ferli þess máls hjá Sverri er talið upp í **Hluta 2: Skrif og atburðarás vegna kynningar á hugmyndum um að móta stórt friðlýst svæði á hálendi Íslands, frá árinu 1992**

Sérstaða

Nokkur atriði mörkuðu þessari vinnu sérstöðu, sem voru alsendis ólík því sem gjarnan heyrir í hefðbundnum tillögum náttúruverndarsinna. Þó voru tillögur höfundar byggðar á sama grundvelli og málflutningur náttúruverndarsinna, þ.e. á umhyggju og aðdáun fólks á stórbrotinni, lítt snortinni náttúru og áhuga á að hún væri vernduð. Grunnurinn var því nákvæmlega sá sami, og leiðin að markmiðinu að flestu ef ekki öllu leiti mjög svipuð.

Þessi atriði sem mörkuðu málinu sérstöðu eru talin upp í **Hluta 3: Sérstaða**.

Tranaði sér ekki fram

Á átta og hálfis árs tímabili sem höfundur vann að þróun og kynningu hugmynda sinna óskaði hann aldrei eftir viðtali í fjölmiðlum, og gerði lítið af því að hafa beint samband við fólk. Þetta var meðvituð, “strategísk” stefna og voru fyrir henni nokkrar ástæður sem tíundaðar eru í **Hluta 4: Hvers vegna hélt höfundur sig til baka?**

Hluti 2: Skrif og atburðarás vegna kynningar á hugmyndum um mótun stórs friðlýsts svæði á hálendi Íslands, frá árinu 1992

Öll skrif höfundar um þessi mál, frá janúar 1995 til þessa dags, er að finna á vef höfundar. Slóðin er www.sssig.com/imynd-islands.htm. Hér verða talin upp helstu skrefin í þessu ferli.

Frumhugmyndin

Árið 1992 voru uppi hugmyndir um lagningu raflínu yfir Ódáðahraun, sem náttúruverndarsinnar mótmæltu mjög. Sverrir fylgdist með þeim deilum eins og aðrir. Uppi voru raddir um að svæðinu ætti að halda ósnortnu, og reyna að leggja raflínuna á nokkuð öðrum stað, enda væri þetta eitt af stærstu ósnortnu svæðum í Vestur-Evrópu. Sverrir sannfærðist um að svo stórt ósnortið svæði gæti orðið landinu lyftistöng, beinlínis fyrir viðskiptalífið, þar sem áhugi almennings í löndunum í kring á verndun náttúrunnar færi sívaxandi. Hann skrifaði eina blaðgrein sem birtist í Velvakanda Morgunblaðsins, í október árið 1992. Hugmyndin tók að þróast og taka á sig mynd, meðal annars í samtölum við Harald Arnar Einarsson líffræðing og Kára Kristjánsson landvörð sem höfðu þekkingu á náttúruverndarmálum, en þróun grunn hugmynda og atriða er vörðuðu markaðsmál var alfarið verk Sverris.

Hugmynd að stofnun stórs friðaðs svæðis

Haustið 1994 var hugmyndin komin á lokastig, og var orðin að tillögu um að stofna “stærsta friðlýsta svæði í Vestur-Evrópu”, með Vatnajökul sem miðpunkt en með tengingu við fjölmörg friðuð svæði sem liggja að jöklinum, m.a. Ódáðahraun. Höfundur komst að þeirri niðurstöðu að þessi hugmynd væri engum til gagns, væri hún áfram niðri í skúffu. Hann langaði að leyfa öðrum að sjá hana og auðga þar með almenna umræðu. Hann hafði einnig nýlega komist gegnum viss væg persónuleg mál og fannst tími til að láta til sín taka. Hugmyndin var ekki í beinum tengslum við tillögu Hjørleifs á náttúruverndarþingi árið 1993 sem minnst var á hér að framan, en höfundur vissi ekki um hana. Þó kunna áhrif að hafa verið óbein gegnum fólk tengt náttúruverndarmálum sem hann talaði við. En rökin voru ný og frá höfundi komin. Á þeim sama tíma var Sverrir að hefja nám í viðskiptafræðum við Háskóla Íslands.

Fyrirspurn til stjórnarformanns Landsvirkjunar

Þann 15. september 1994 birti höfundur grein með fyrirspurn til dr. Jóhannesar Nordal, þáv. stjórnarformanns Landsvirkjunar, vegna greinar sem hann birti í júlí um forsendur hugsanlegs sæstrengsverkefnis. Höfundur fýsti að vita hverjar væru umhverfislegar hliðar virkjanaframkvæmda vegna sæstrengsverkefnis, sem og áhrif á ímynd landsins. Svar barst þann 28. september í ítarlegri grein.

Lítill könnun á viðbrögðum hjá erlendum hótélkeðjum

Höfundur bjó til samantekt á sínum hugmyndum, sendi 30 hótélkeðjum erlendis í september 1994, og bað um athugasemdir frá sjónarhorni ferðaþjónustufyrirtækja með alþjóðlega yfirsýn. Svör bárust frá 10 fyrirtækjum. Ljóst var að einhver þeirra höfðu skoðað þennan pakka og komu nokkrar jákvæðar athugasemdir. Höfundi þótti sem að honum ætti að vera óhætt að kynna hugmyndirnar hér á landi.

Þrjár blaðagreinar í janúar 1995: Tillagan kynnt, lögð til sátt milli náttúruverndar og virkjana

Höfundur skrifaði þrjár heilsíðu blaðagreinar um haustið 1994, og birtust þær í Morgunblaðinu í byrjun janúar 1995, undir nafninu “*Hugleiðing um Ísland og framtíðina – friðun, leið að bættum hag?*” Daginn fyrir birtingu fyrstu greinarinnar fengu allir þingmenn og ráðherrar bréf, þar sem þeim var bent á greinina sem var í blaðinu morguninn eftir. Þetta kallast “beinn-markpóstur”, og hefur líklega orðið til þess að fleiri tóku eftir greininni en ella.

- Fyrsta blaðgreinin birtist þann 3. janúar. Í greininni var kynnt hugtakið „hornsteinn“ í ímynd lands, sem afmarkað og auðskilgreinanlegt fyrirbæri sem stendur sem einkonar tákni fyrir viðkomandi land. Var sett fram hugmyndin um friðun svæðis á austanverðu landinu sem myndi verða lang stærsta friðaða svæði í V-Evrópu (u.þ.b. 30.000 fkm), og gæti síðar orðið þjóðgarður.
- Önnur greinin birtist 4. janúar. Þar var bent á að áhugi á umhverfismálum og ósnortinni náttúru hefði aukist mjög. Það gæti opnað Íslendingum spennandi möguleika, ekki síst þar sem líklega hefði engu landi tekist að vinna sér sess í huga fólks á því sviði. „Hornsteinninn“ gæti auðveldað markaðssetningu Íslands sem ferðamannalands, sem og á öðrum sviðum.

- Þriðja greinin birtist þann 10. janúar. Þar var fjallað um óvissuþætti sem sneru að ferðaþjónustuhugmyndum og því hvort þessi kynningarleið myndi virka. Einnig voru teknar fyrir jákvæðar og óvissar hliðar vatnsaflsvirkjana og minnst á leið til að leita sátta milli viðhorfa náttúruverndar og virkjanageirans. Að lokum var bent á að hugmyndirnar um friðun hins stóra svæðis virtust vera í ágætum samhljómi við stefnu þáverandi ríkisstjórnarinnar í umhverfismálum, sem kynnt var í ritinu „Á leið til sjálfbærrar þróunar“ (mars 1993).

Fyrsta dreifirit: Nánari skýringar

Upphaflega var hugmyndin að með þessum blaðgreinum væri málinu lokið, en höfundur ákvað að setja saman nánari athugasemdir í dreifiriti sem hét **Nánari skýringar við hugleiðingu um Ísland og framtíðina. Dreifirit, janúar-febrúar 1995**. Var það sent í byrjun febrúar til allra þingmanna, ráðherra, og ýmissa aðila í þjóðlífinu sem ætla mátti að hefðu áhuga, alls um 100 manns.

Viðbrögð þingmanns

Einn stjórnmalamaður brást við greinum og þessari sendingu með því að svara með athugasemdum. Það var Björn Bjarnason. Fjögur til fimm bréf fóru milli höfundar og Björns, bæði meðan Björn var þingmaður og orðinn ráðherra, en þeir ræddust annars aldrei við. Viðbrögð Björns voru þó nokkur hvatning fyrir höfund.

Annað dreifirit: Framkvæmdin í einu skrefi með friðun Vatnajökuls

Í apríl 1995 sendi höfundur aftur frá sér dreifirit, **Um framkvæmd**, sem fjallaði um möguleika á framkvæmd þessara hugmynda. Þar var bent á hvernig hægt væri að stofna slíkt svæði með því einu að allur Vatnajökull skyldi friðlýstur, enda lægju mörg stór friðuð svæði að jöklinum. Þar voru einnig sett fram önnur góð rök fyrir friðlýsingu alls Vatnajökuls. Svæðið sem þarna var sýnt var töluvert minna en það sem kom fram í fyrstu blaðgreininni, eða aðeins Vatnajökull ásamt aðliggjandi friðuðum svæðum. Síðar átti hann svo eftir að sýna nokkru stærri valkost en það.

Þriðja dreifirit: Viðbrögð við sæstrengsumræðu

Þriðja ritgerðin, **Um sæstreng** (september 1995), var skrifuð vegna mögulegs sæstrengsverkefnis sem skaut upp í umræðunni á þeim tíma. Hugsanleg jákvæð og neikvæð áhrif sæstrengs á ímynd landsins voru skoðuð, og leiðir til að minnka neikvæðu áhrifin, sem höfundur taldi að gætu falist í stofnun hins stóra friðlýsta svæðis. Það myndi skapa mótvægi við virkjanir og sýna að Íslendingum væri alvara með að vernda sína stórbrotnu náttúru þrátt fyrir virkjanaframkvæmdir.

Verðlaun í samkeppninni Ísland árið 2018

Vorið 1996 kynntu umhverfisráðuneytið og Skipulag ríkisins hugmyndasamkeppni sem bar nafnið Ísland árið 2018, þar sem auglýst var eftir framtíðarhugmyndum um það hvernig umhorfs gæti orðið á Íslandi á því ári. Skipulagsstjóri ríkisins sendi höfundu bréf og benti honum á keppnina. Höfundur sendi inn tillögu undir nafninu **Ísland, friðlýst náttúra og umheimurinn** byggða á eldra efni, og nýju bætt við í bland. Varð úr að þrjár tillögur voru verðlaunaðar jafnt og lentu þær í 1.-3. sæti. Þetta

voru tillaga höfundar sem þá var viðskiptafræðinemi, tillaga Þórs Sigfússonar, hagfræðings, og sameiginleg tillaga Einar Vals Ingimundarsonar, umhverfisverkfræðings, og Ólafs Péturssonar, grafíks hönnuðar. Þátttakendur voru aðallega fagfólk, m.a. á sviði landslagsarkitektúrs, skipulagsfræða, hagfræði og umhverfisfræði. Einn annar nemandi tók þátt, en hann var ekki verðlaunaður.

Talað á fundum og ráðstefnum

Í kjölfar verðlaunaveitingar í samkeppninni Ísland árið 2018 var haldin ráðstefna í Norræna húsinu þar sem Sverrir kynnti hugmyndir og röksemdir sínar ásamt öðrum verðlaunahöfum fyrir stórum hópi áheyranda. Þar var meðal annarra þáverandi umhverfisráðherra, ýmsir þingmenn og aðrir sem áhuga höfðu á þessum málum.

Sverrir kom fram á fundi hjá náttúruverndarsinum í Náttúruverndarsamtökum Íslands og kynnti sitt mál. Þar var gerður góður rómur að hugmyndum hans sem kom Sverri þægilega á óvart, enda lagði hann áherslu á að hann væri ekki á móti virkjanaf framkvæmdum í prinsippinu, en teldi æskilegt að stefna að jafnvægi milli þessara þátta.

Á opnum fundi hjá Menntaskólanum við Hamrahlíð voru m.a. höfundur, Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar, Kári Kristjánsson, landvörður og stjórnarmaður í náttúruverndarráði, Hjörleifur Guttormsson, og loks Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins. Mismunandi viðhorf komu fram eins og við er að búast. Hjörleifur fjallaði ekki um jökla eða friðun þeirra í sínum fyrirlestri, og áttu þeir Sverrir átti engin sérstök samskipti þarna.

Viðtal og forystugrein í Morgunblaðinu

Í janúar árið 1997 var haft samband við höfund og hann beðinn að veita stutt viðtal í Morgunblaðinu, sem birtist þann 28. janúar. Þetta var eina viðtalið sem hann gaf á öllum þeim tíma sem hann vann að þessu verkefni. Daginn eftir, þann 29. janúar, birtist forystugrein í Morgunblaðinu þar sem fjallað var um hugmyndir höfundar með jákvæðum hætti. "Stærsti þjóðgarður Vestur-Evrópu myndi án efa draga til sín ferðamenn, jafnframt því sem stofnun þjóðgarðs myndu væntanlega fylgja skýrar reglur um umgengni við viðkvæmustu og fegurstu náttúruperlur Íslands. Hugmyndin er því einn þeirra kosta, sem skoða á þegar mótuð er framtíðarstefna um nýtingu hálendisins.", sagði m.a. í leiðaranum.

Þarna hafði Morgunblaðið birt forystugrein um hugmyndir ungs háskólanema, sem hann var að kynna og þróa einn og án stuðnings frá neinum samtökum eða stjórnmalaflokkum. Höfundi fannst sem að með þessu hefðu hugmyndir hans loks tekið flugið, fjórum og hálfu ári eftir að hann hóf vinnu að þeim, enda þekkt að Morgunblaðið hefur haft umtalsverð áhrif í íslensku samfélagi. Þetta var rúmum tveimur árum áður en þingsályktunartillagan um Vatnajökulsþjóðgarð var samþykkt.

Verðlaun í ritgerðarsamkeppni Vísbendingar

Sverrir hlaut verðlaunin í ritgerðasamkeppni tímaritsins Vísbendingar, vikurits um efnahagsmál, vorið 1997. Ritgerðin hét *Landnýting og orka*, en þar skoðaði hann áhrif mismunandi umfangsmikillar friðunar á möguleika til raforkuframleiðslu.

Niðurstaðan var að umfangsmikil náttúruvernd þyrfti ekki endilega að hefta raforkuframleiðslumöguleika. Í greininni birtust nokkrir valkostir (e. scenarios) sem útskýrðir voru með mynd, og var orkuframleiðsla allra valkostanna sýndir á einu línuriti.

Í kaffi hjá þingmanni

Um vorið 1997 hafði Siv Friðleifsdóttir, þá óbreyttur þingmaður, samband við höfund og spurði hann hvort hann vildi líta við hjá sér á laugardagsmorgni í morgunkaffi og útskýra hugmyndir sínar. Þar var hún með hóp af ungu fólki úr sínum flokki, og ræddu þau saman ýmis mál í samfélaginu. Höfundur talaði í um eina klukkustund, og var gerður góður rómur að máli og röksemdum hans.

Blaðgrein vegna skipulags hálandisins

Á seinni hluta árs 1997 var kynnt tillaga Skipulags ríkisins að skipulagi hálandisins. Um haustið var nokkuð áberandi gagnrýni þess eðlis, að náttúruvernd væri gert of hátt undir höfði í tillögunum. Höfundur skrifaði grein undir nafninu *Um skipulag hálandis Íslands og alþjóðlegt samhengi* í nóvember 1997. Þar sem meðal annars komu fram afgerandi tölur um stuðning almennings í Bandaríkjunum og í Evrópu við náttúruvernd, en íbúar BNA og V-Evrópu voru þá um 650 milljónir. Þessi grein var skrifuð að frumkvæði höfundar sem persónulegt viðhorf og ekki í samráði við Skipulag ríkisins. Hvort greinin hafði einhver áhrif á umræðuna getur höfundur ekki sannreynt, en neikvæð gagnrýni á skipulagstillögunar þagnaði eftir birtingu hennar.

Skrif í bókina “Hugmyndir,” til minningar um Eyjólf Konráð Jónsson

Vorið 1998 var haft samband við höfund og hann spurður hvort hann gæti verið meðal ungra höfunda sem myndu skrifa í bók til minningar um Eyjólf Konráð Jónsson. Eyjólfur var mikill hugmyndamaður í sína tíð, en hann var bæði þingmaður og ritstjóri Morgunblaðsins. Formaður útgáfuráðs var Davíð Oddsson, og kom bókinn út í seinni hluta desember 1998.

Sverrir skrifaði grein sem bar nafnið *Náttúra Íslands og viðskiptalífið*. Þar reyndi höfundur að skilgreina á kerfisbundinn hátt hvers konar viðskiptatækifæri gætu opnast Íslendingum ef náttúrumynd landsins myndi styrkjast enn frekar, en hann gerði ráð fyrir að hið stóra friðlýsta svæði, “hornsteinninn,” gæti með tímanum haft slík áhrif. Auk þess var fjallað um svæðið og hugsanlegar megin kynningarleiðir. 22 höfundar skrifuðu í bókina um ýmis efni. Sverrir var eini námsmaðurinn sem var beðinn að skrifa í bókina, en hann útskrifaðist í upphafi árs 1999. Til gamans má birta listann yfir höfunda greina í bókinni, ásamt þáverandi störfum, en þeir voru:

Andri Teitsson, framkvæmdastjóri Þróunarfélags Íslands, Andri Þór Guðmundsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Lýsis hf., Ari Edwald, aðstoðarmaður sjávarútvegsráðherra, Arnar Þórisson, framkvæmdastjóri Kilroy travels í Danmörku, Auður Guðmundsdóttir, kynningarfulltrúi hjá Eimskip, Ágúst Þór Ingason, sérfræðingur hjá Búnaðarbankanum Verðbréf, Ásgeir Þórðarson, ráðgjafi hjá McKinsey & Co. í Danmörku, Benedikt Árnason, deildarstjóri í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu, Eypór Arnalds, framkvæmdastjóri þróunarsviðs OZ hf., Guðrún Högnadóttir ráðgjafi hjá VSÓ rekstrarráðgjöf, dr. Gylfi Magnússon, sérfræðingur hjá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, Hanna Birna Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri þingflokks sjálfstæðismanna, Hannes Smárason, framkvæmdastjóri fjármála- og þróunarsviðs Íslenskrar

erfðagreiningar hf., Hugi Ólafsson, deildarstjóri í umhverfissráðuneytinu, Orri Hauksson, aðstoðarmaður forsætisráðherra, Ólafur Þ. Stephensen, forstöðumaður upplýsinga- og kynningarsviðs Landssíma Íslands hf., Ragnheiður Elín Árnadóttir, aðstoðarmaður fjármálaráðherra, Skarphéðinn Berg Steinarsson, settur skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu, Svanbjörn Thoroddsen, framkvæmdastjóri Markaðsviðskipta hjá Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, Svafa Grönfeldt, lektor við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, Þórir Kjartansson, framkvæmdastjóri Þórsbrunnis hf., og loks Sverrir Sveinn Sigurðarson viðskiptafræðinemi.

Meðal megin ábendinga í verkefni við Copenhagen Business School

Í maí 1998 lauk Hákon Þ. Sindrason, Cand. Merc. gráðu, (M.Sc. in International Marketing and Management), frá Viðskiptaháskólanum í Kaupmannahöfn. Viðamikil lokarannsókn hans fjallaði um ímynd Íslands og íslenskra vara í Svíþjóð og Danmörku. Í niðurstöðum (long time strategic suggestions) var lagt til að farið yrði eftir hugmyndum höfundar um mótun stórs friðaðs svæðis eða þjóðgarðs.

Til tíðinda dregur á Alþingi og hjá ríkisstjórn

Í febrúar 1998 setti Hjörleifur Guttormsson fram þingsályktunartillögu sína um fjóra jöklaþjóðgarða, og var sú tillaga rædd hjá umsagnaraðilum á því ári. Þann 6. mars 1999 var tillagan afgreidd úr umhverfisnefnd í því breytta formi að hún miðaðist aðeins við Vatnajökul, og var svo samþykkt frá Alþingi fjórum dögum síðar. Í þeirri umræðu var einnig lögð áhersla á vatnsvernd, og þann möguleika að væntanlegur Vatnajökulsþjóðgarður gæti vel átt erindi á heimsminjaskrá Sameinuðu Þjóðanna. Vel er líklegt að þetta hafi verið í fyrsta skipti sem að tillaga og nýjar röksemdir, sem sneru eingöngu að friðun Vatnajökuls, hafi komið fram opinberlega frá einhverjum öðrum en Sverri Sveini, frá því að hann kynnti hugmyndir sínar í janúar árið 1995.

Ritgerð um hugsanleg viðhorf Íslendinga

Höfundur hafði hugsað sér að láta greinina að ofan vera endapunkt á skrifum sínum. Hins vegar velti hann þessum málum fyrir sér öðru hverju, og í febrúar 2001 dreifði höfundur ritgerð sem bar nafnið “**Um viðhorf Íslendinga til virkjanamála og náttúruverndar: Hugmynd að greiningu.**” Þar var kynnt sú hugmynd höfundar, byggt á reynslu, að flestir Íslendingar væru hlynntir bæði orkuframkvæmdum og náttúruvernd, en hinir háværðu hópar náttúruverndarsinna og virkjanaá hugamanna væru fremur litlir hópar.

Frekari skrif í tilefni stofnunar þjóðgarðsins

Í maí árið 2004 kynnti Siv Friðleifsdóttir umhverfissráðherra skýrsluna “Þjóðgarður norðan Vatnajökuls,” með tillögum þingmannanefndarinnar. Þar var meðal annars kynnt mat sérfræðings, sem unnið var fyrir umhverfissráðuneytið, um mögulega aukningu gjaldeyristekna ferðaþjónustu vegna Vatnajökulsþjóðgarðs, sem næði yfir allan jökulinn ásamt svæðum umhverfis hann, þeirra stærst Ódáðahraun. Þetta var Sverri hvatning að setja enn og aftur fram nokkrar hugleiðingar um þessi mál.

Þann 12. september 2004 skrifuðu fulltrúar Skaftárhrepps, Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Siv Friðleifsdóttir umhverfissráðherra undir viljayfirlýsingu í Skaftafelli um stækkun Skaftafellsþjóðgarðs, þannig að hann næði yfir 58% Vatnajökuls. Þetta verður fyrsti áfangi í átt að Vatnajökulsþjóðgarði. Sverrir var svo

gæfusamur að vera boðið á staðinn af umhverfisráðherra, og var það merkileg stund fyrir Sverri að fylgjast með undirskriftinni.

Hluti 3: Sérstaða

Hér eru nokkur atriði sem einkenndu hugmyndir og röksemdir Sverris í málinu:

- Hugmyndir Sverris voru markaðshugmyndir fyrst og fremst. Friðlýsing á Vatnajökli var leið til að ná öðru og enn stærra markmiði, alla vega frá þjóðhagslegu sjónarmiði. Friðlýsingin var *tæki*, ef svo má að orði komast, leið til að styrkja markaðsmynd Íslands á sviði óspilltrar náttúru svo tækifæri mættu aukast og styrkjast fyrir íslenskt atvinnulíf. Í hugmyndum höfundar var hins vegar lögð sérstök áhersla á að benda á hugsanlegan hagsauka margra aðila, meðal annars náttúruverndar, ferðaþjónustu, heilsuferðaþjónustu, matvælaíðnaðar, iðnvarnings þar sem ímynd skipti máli, landsbyggðarinnar, fiskiðnaðar og jafnvel raforkuiðnaðar og stóriðju.
- Lögð var áhersla á friðun þeirra svæða á Vatnajökli (um 80%) sem ekki nytu friðunar fyrir. Með því að jökullinn væri allur friðaður myndi tengja saman í eina, stóra heild friðuð svæði sem eru allt í kring um jökulinn, ásamt jöklinum sjálfum. Þannig var það heildarsvæðið sem skipti stóru máli, og yrði það stærsta í Vestur-Evrópu. Með Vatnajökulsþjóðgarði verður einnig til það sama heildarsvæði og höfundur talaði um á sínum tíma.
- Höfundur benti á viðskiptatækifæri tengt ósnortinni náttúru, þannig að náttúruvernd gæti betur keppt við virkjanir á jafnfræðisgrundvelli þegar valkostir væru valdir.
- Höfundur var ekki á móti vatnsaflsvirkjunum og stóriðju, heldur fremur hlynntur þeim. Hann vildi stefna að heilbrigðu jafnvægi milli þessa eins og hægt væri, enda hefði vatnsafl og jarðhiti sína kosti.
- Höfundur lagði talsverða áherslu á að kanna hvort virkjanatækifæri og áhugaverðustu náttúruverndarsvæði stönguðust á. Niðurstaðan var sú að þetta tvennt stangaðist fremur sjaldan á, sem gæti verið grunnur að betri sáttum.
- Höfundur lagði áherslu á þá hugmynd að “stórt væri gott”, sem annars var ekki fyrirferðarmikið í málflutningi náttúruverndarsinna. Stærsta svæði í Evrópu eða Vestur-Evrópu yrði strax eftirminnilegt vegna þess og því gott fyrir ímynd og þróun vörumerkis Íslands, auk þess sem stórt svæði myndi bjóða upp á mikla fjölbreytni. Höfundur lagði til stærsta friðaða svæði í Vestur-Evrópu en nú er talað um stærsta þjóðgarð Evrópu, sem eru auðvitað áþekk hugtök.
- Ofanskráð hljómar eins og hugsjónir náttúruverndarsinna hafi skipt litlu máli, og aðeins væri horft á markaðsmynd og viðskiptatækifæri. Það var þó rangt enda byggðist þetta allt á virðingu fyrir hugsjónum náttúruverndarfólks. Viðskiptatækifærin myndast að öllu leiti vegna áhuga fólks erlendis beggja vegna hafsins á verndun og upplifun magnaðrar, lítt spilltrar náttúru. Ef farið væri í aðgerðir sem væru í andstöðu við hugsjónir náttúruverndar, myndi það samstundis koma niður á viðskiptatækifærum.
- Höfundur lagði mikla áherslu á hárnákvæma notkun hugtaka og mjög traustar heimildir, svo að hvergi væri hægt að finna veikan blett á málflutningi hans. Þetta þýddi að þó höfundur talaði um stórt friðað svæði eða þjóðgarð var tæknilega lausnin, væri ætlunin að ráðast í slíkt án tafar, stofnun friðlands eða

fólkvangs á Vatnajökli sjálfum. Ástæðan var að þá var ekki hægt að stofna þjóðgarð af lagalegum ástæðum sem tengdust reglum Alþjóða náttúruverndarráðsins IUCN, og reglum um skráningu á lista Sameinuðu þjóðanna yfir friðuð svæði, UN List. Sú staða breyttist ekki fyrr en við setningu þjóðlendulaga nr. 58/1998. Þá gat Alþingi með góðri samvisku samþykkt þingsályktunartillögu um þjóðgarð á Vatnajökli. Friðlönd og þjóðgarðar eru svipaður hlutur, nema að þjóðgarðar verða að vera á landi í þjóðareigu.

- Nokkurn innblástur fyrir hugmyndir sínar fékk höfundur frá erlendum kenningum í markaðsfræðum, einkum frá þeim Al Ries & Jack Trout, Philip Kotler, David Ogilvy og hugsuðinum Kenichi Ohmae, en svo var auðvitað margt sem hann kom með frá eigin brjosti enda málið algerlega sniðið að séríslenskum aðstæðum.
- Höfundur var algerlega hlutlaus í málflutningi sínum, og reyndi að sjá leiðir til að setta sjónarmið allra aðila. Aðeins gagnvart hag þjóðarbúsins var hann ekki hlutlaus. Þetta hlutleysi þýddi jafnframt að hann stóð einn og óstuddur, og óvarinn sem var nokkur galli.
- Höfundur lagði allan tímann áherslu á að vera sjálfur sem minnst sýnilegur, og voru fyrir því nokkrar ástæður sem taldar eru upp síðar í þessu riti. Á því sex og hálfis árs tímabili (eða raunar átta og hálfis) sem hann vann að þessum málum óskaði hann aldrei eftir viðtali í fjölmiðlum. Áhugasamir höfðu sjálfir samband við höfund. Þegar hann lauk starfi sínu í lok árs 1998 var hann sem best óþekktur.
- Höfundur hafði aldrei samskipti við Hjörleif Guttormsson á þessum tíma. Hitti hann að vísu einu sinni á fundi í M.H. en ræddi ekki við hann. Fyrstu samskiptin komu raunar fram í september 2004 í formi tölvupósta. Höfundur ber þó mikla virðingu fyrir Hjörleifi fyrir starf hans að náttúruverndarmálum og fyrir að hafa sett tillögu sína fram á Alþingi.
- Höfundur var í raun ekki að berjast fyrir þessum hugmyndum. Hann skrifaði greinar og sendi sérstakar ritgerðir til valins hóps móttakenda, meðal annarra þingmanna, ráðherra, ráðuneyta, stofnana, félaga, fyrirtækja og annarra. Hann skipti sér ekki af því hvort þetta væri skoðað eða ekki, eða hvort móttakendur væru þessu sammála eða ekki.
- Höfundur sá sitt hlutverk fyrst og fremst í því að pæla í hlutunum, og setja fram hugmyndir og röksemdir svo valkosturinn væri ljós og kominn á borðið. Hann vildi auðga umræðuna á vettvangi sem hafði verið nokkuð fastur í deilum milli náttúruverndarsinna og virkjanasinna. Höfundur bjóst ekki við að málið, við frekari þróun, yrði nákvæmlega eins og hann hafði talað um. Hann hafði ekki hugsað sér að taka þátt í framkvæmd málsins ef af yrði.
- Að lokum má taka fram til gamans að höfundur lagði einnig til friðun Langjökuls og Mýrdalsjökuls (ásamt Eyjafjallajökli), sem óformlega aukatillögu, í samkeppnistillögu í Ísland árið 2018 samkeppninni um mitt ár 1996. Þar var einnig gert ráð fyrir tengingu við friðuð svæði í kring. Mynd af þessari tillögu má sjá á vef höfundar. Slóðin er <http://www.sssig.com/im-isl-island-2018-samkeppnistillaga-3.htm>.

Hluti 4: Hvers vegna lítt áberandi?

Í ljósi þess hve höfundur virðist hafa lagt mikla vinnu í þetta verkefni er eðlilegt að spyrja af hverju höfundur er ekki vel þekktur á þessu sviði? Það er vegna þess að höfundur leitaðist við að vekja litla athygli á sjálfum sér.

Hann lagði mikla áherslu á að safna traustum gögnum, skoða og spekulera í málum. Hann lagði mikla áherslu á að röksemdir gengju upp, og að þær og undirliggjandi upplýsingar væru á allan hátt skotheldar. Á bak við hverja grein eða dreifirit lá mikil vinna, sem að eflaust var að stærstum hluta ósýnileg.

Á þeim átta og hálfu ári sem höfundur vann að þróun og kynningu hugmynda sinna óskaði hann aldrei eftir viðtali í fjölmiðlum að fyrra bragði. Hann gerði ekki mikið af því að hafa beint samband við fólk til að spyrjast fyrir um viðbrögð, og þá við embættismenn og sérfróða, en aldrei að fyrra bragði við þingmenn eða ráðherra. Hann ræddi þó við nokkra þingmenn og ráðherra eins og við var að búast.

Þessi stefna höfundar um litla kynningu er í algeru ósamræmi við þá leið sem flestir myndu fara. Þeir myndu senda fréttatilkynningar og greinar í blöð, reyna að fá viðtöl í útvarpi, sjónvarpi og prentmiðlum, þeir myndu kalla saman til funda og sækjast eftir að fá að tala á slíkum, þeir myndu búa til undirskriftalista og reyna að fá fólk til að skrifa undir, og síðast en ekki síst, þeir myndu reyna að ná tali þingmanna, ráðherra og annarra sem gætu haft áhrif á það mál sem þeim væri hugstætt.

Engu að síður fór hugmyndin um friðun Vatnajökuls inn á Alþingi þar sem hún var samþykkt, og inn á fund ríkisstjórnar þar sem hún var einnig samþykkt. Það verður að teljast líklegt að vinna höfundar hafi haft veruleg áhrif, þar sem hann var sá eini sem hélt henni fram á fjórum árum áður en málið var samþykkt.

Samkvæmt stefnu

Það að vekja litla athygli persónulega kann einhverjum að hafa virst einkennileg aðferð við að koma hugmynd á framfæri. Þetta var ekki vegna þess að höfundur væri einrænn eða mannafeila, síður en svo.

Sumpart var þetta vegna hógværðar, sumpart byggt á tilfinningu fyrir að slík nálgun væri skynsamleg, og einnig var þetta meðvitað, byggt á strategískri þekkingu, en enska orðið “strategic science” kallast á íslensku herfræði. Þetta var auðvitað markaðsherferð þar sem höfundur reyndi að markaðssetja hugmyndina. Fyrir þá sem áhuga hafa má taka fram að sú herferð var, meðvitað eða ómeðvitað, að hluta byggð á speki úr bók sem byggð var að hluta á kenningum Karls von Clausewitz, sem í upphafi 19. aldar skrifaði rit sem talið er marka upphaf nútíma hernaðarvísinda. Þessi nálgun hefur án vafa styrkt framsetningu hugmyndanna, en styrkti ekki endilega stöðu höfundar sjálfs persónulega. Hér eru nánar útskýrðar nokkrar ástæður fyrir hlédrægni höfundar:

Tími takmörkuð auðlind

Ástæðan var meðal annars sú að hann var upptekinn í námi í viðskiptafræðum við Háskóla Íslands, og hafði ekki tíma til að gera meira en hann gerði, þ.e. að þróa

hugmyndirnar og senda frá sér. Hann hefði getað farið og hitt fólk, en þá hefði hann varla haft tíma til að sinna náminu og það e.t.v. farið forgörðum.

“Hver er þessi maður eiginlega?”

Markmið höfundar var að þróa þessar hugmyndir eins langt og vel, og af eins miklum heiðarleika og hann gæti, og koma þeim þannig í hendur fólks sem væri betur í stakk búið til að gera þær að veruleika en hann sjálfur.

Höfundur vissi að hann var ekki þekktur og hafði ekki skapað sér nafn á þessu sviði. Því gæti það flækst fyrir hugmyndunum ef tortryggirnir færu að spyrja “hvaða maður er þetta, þessi Sverrir? Eigum við að gera það sem hann segir?” Hann lagði því áherslu á að vera sjálfur lítt áberandi en koma á framfæri vönduðum hugmyndunum.

Það var von höfundar að vinna hans yrði skoðuð, tekin og nýtt af öðrum, án þess að hans nafns yrði endilega getið þegar það stæði yfir. Það fólk gæti breytt einhverju og sett fram eftir sínu nefi, og gerði hann engar athugasemdir við það. Hann gerði þetta aðeins til að gera gagn og vænti lítills fyrir sjálfan sig á meðan á því stóð. Aðstæður hafa hins vegar breyst nú, svo að hann telur nauðsynlegt að koma sér á framfæri.

Nýjar hugmyndir hljóta samþykki smám saman

Aðra ástæðu hafði höfundur fyrir því að trana sér ekki fram á meðan á þessu stóð, og var sú ástæða sótt til rannsókna á hegðun neytenda í markaðsfræðum.

Erlendis hafa grunn rannsóknir verið gerðar á því hvernig fólk meðtekur nýjungar, og nefnast niðurstöður þeirra á ensku “Adopter Categorization on the Basis of Relative Time of Adoption of Innovations.” Samkvæmt þessum rannsóknum eru um 2-3% fólks líklegt til að vera strax áhugasamt um nýjung á ákveðnu sviði, en um 13-14% líkleg til að samþykkja nýjungina snemma, og því vera jákvætt gagnvart henni. Aðrir, um 84%, eru svo mis seinir og jafnvel mis neikvæðir. Sumir samþykkja hina nýju hugmynd ekki fyrr en hún er orðin inngróin hefð, sem ekki átti við um hugmyndina að friðun Vatnajökuls árið 1995, (höfundi sýnist að nú árið 2004 séu meira en helmingur og hugsanlega stærstur hluti almennings orðinn sáttur við þá hugmynd). Fólk er ekki almennt nýjungagjarnt eða íhaldssamt, heldur á ákveðnum sviðum. Einn er nýjungagjarn í tækni og tölvum, en annar í heilsu- og næringarmálum. Þessir eru svo íhaldssamir og áhugalitlir á sviði hins, o.s.frv. Sumir eru opnir fyrir nýjungum á sviði markaðsmála og náttúruverndar, og höfðu því áhuga á hugmyndum höfundar. Að daðra við nýjungar er gjarnan áhættusamt og hefur því stundum í för með sér kostnað. Því er það svo að flestir sem vilja búa við öryggi forðast nýjungar og sigla lygnari sjó.

Höfundur vissi sem var, vegna þessara rannsókna, að ef hann færi að spjalla við fólk og stunda eitthvert trúboð, að aðeins ca. 15% líkur væru á að hitta á manneskju sem væri jákvæð. Hann var ekki trúboði, aðeins að setja fram hugmyndir sem áhugasamir gætu velt fyrir sér ef þeir eða þær vildu. Því væru 85% líkur á að höfundur hitti á fólk sem yrði áhugalaust, afhuga eða jafnvel neikvætt.

Þess vegna hafði höfundur það svo að þessi ca. 15% myndu sjálf leita hann uppi ef þeir einstaklingar hefðu áhuga á spjalli um þessi mál. Hlutfall þeirra sem höfðu áhuga reyndist vera í samræmi við þessar tölur. Höfundur var þá nemandi í viðskiptafræðum

við Háskóla Íslands. Hann fann bæði fyrir opnum áhuga en einnig tortryggni og höfnun, bæði frá sumum nemendum og kennurum, og einnig utan skólans. Hann vissi að við þessu mátti búast þó það væri ekki æskilegt eða þægilegt.

Hefði höfundur sleppt því alveg að vinna í þessum málum hefði hann örugglega átt þægilegri námstíma enda hefði hann þá fallið inn í hópinn. Náttúruverndarmál og virkjanamál voru átakamál og ekki æskilegt að skera sig úr vegna þessa, enda örugglega margir sem nenntu ekki að kynna sér til hlítar hvað hugmyndir höfundar gengu út á (þeir áhugasömu gerðu það frekar), en tóku sína hraðsoðnu afstöðu. Höfundur var aðallega að þessu vegna ánægjunnar og, skal viðurkennt, af einhverskonar skyldurækni við hugmyndina og gagnvart samfélaginu. Auðvitað þurfti fórnfýsi til, sem hefur komið enn betur í ljós eftir að námi lauk.

Reyndi að forðast átök vegna gífurlegra hagsmuna

Miklir hagsmunir tengjast spurningum um hvort eigi að virkja eða ekki. Átökin eru hörð milli virkjanasinna og náttúruverndarsinna, og alls ekki hættulaust fyrir höfund sem er einn og óstuddur, nemandi við H.Í., að koma fram með málamiðlunartillögu mitt á milli þessara hatrömmu andstæðinga. Því væri betra að koma þessu fram settlega, og láta lítið fyrir sér fara. Eftirfarandi skýrir vel um hve gífurleg verðmæti er að tefla í þessum málum:

Kárahnjúka og Reyðarálsverkefnið eru samtals uppá um 181 milljarð króna til fimm ára, samkvæmt upplýsingum sem höfundur hefur aflað, þó það geti auðvitað breyst eftir því sem verki miðar áfram og eftir gengissveiflum. Hve stórt er það í alþjóðlegum samanburði, sé tekið mið af stærð hagkerfisins?

Stærsta verktakaverkefni í sögu Bandaríkjanna frá upphafi er svonefnt Joint Strike Fighter verkefni sem boðið var út á vegum bandaríska varnarmálaráðuneytisins (Pentagon) fyrir nokkru. Snýst það um hönnun og smíði á nýrri orrustuþotu fyrir 21. öldina. Verkefninu var úthlutað til fyrirtækisins Lockheed Martin (ásamt Northrop Grumman, BAE Systems, Pratt and Whitney og Rolls-Royce), og er upp á um 210 milljarða dollara til um tíu ára.

Þetta er gríðarstórt, en nú skal athugað: Ef farið væri af stað með verkefni þar í landi sem væri jafn stórt hlutfallslega gagnvart vergri landsframleiðslu og Kárahnjúka-Reyðaráls verkefnið er hér, þá væri slíkt verkefni í Bandaríkjunum um 15,8 sinnum stærra en hið risavaxna Joint Strike Fighter verkefni Pentagon eða upp á í kring um 3.300 milljarða dollara (3,3 trillion).

Þessi samanburður, þó ekki sé hann raunhæfur að öllu leiti, ætti að skýra hve geysilega stór þessi virkjana- og stóriðjuverkefni eru á hinn smáa íslenska mælikvarða. Þetta ætti að skýra hversvegna vera kann að einn og einn af þeim sem tengist atvinnulífs-stóriðju-virkjana-verktaka hluta þjóðlífsins séu til í að taka á málum af hörku til að auka líkur á að þeirra lið vinni, að virkjun verði byggð, og fjármagn flæði. Náttúruverndarsinnar hafa svo sínar eldheitu hugsjónir að verja sem skýrir hörkuna í þessum málum.

Tekið að láni úr hernaðarvísindum

Eins og áður sagði kann dálítill innsýn í herfræði að hafa haft eitthvað að segja, beint og óbeint, um þá stefnu sem höfundur tók í kynningu hugmyndanna. Þeir sem spá í markaðsmálum kannast sumir við höfundana Ries og Trout og bók þeirra “Marketing Warfare” sem byggir á herfræðum (military science). Þar er m.a. kafli um hvernig smáir aðilar geti markaðssett vöru sína (hugmyndir), en þeir búa við allt aðrar aðstæður en markaðsráðandi aðilar, sem þýðir þó ekki að staða þeirra sé vonlaus. Þar eru dregnar fram þrjár reglur, og gæti einhverjum þótt fróðlegt að sjá þær útlistaðar:

“Find a category small enough to defend”. Hugmyndin um hið stóra friðlýsta svæði var vissulega mjög stór, en út frá stuðningi og því hverjar líkur væru á að þetta yrði framkvæmt var þetta mjög lítil hugmynd í upphafi. Náttúruverndarsinnar myndu samþykkja þetta umyrðalaust en öðru máli gegndi um ýmsa aðra hópa í samfélaginu. Af hverju ættu þeir að styðja þetta? Verndun stórs svæðis með Vatnajökul sem miðpunkt, til stuðnings viðskiptum og markaðsstöðu? Þarf þess? Er það góð leið? Hvað kostar það? Þetta var hugmynd sem ekki var augljóst að rétt væri að fengi brautargengi. “Skrýtinn þessi”, “djarfur” og “óraunsær” hafa eflaust einhverjir hugsað í upphafi. Þetta var því “lítill” hugmynd í upphafi. Í upphafi var þessi hugmynd það smá að höfundur gat sinnt henni án þess að neinn annar væri að skipta sér af. Leiðin til að halda henni smárrí var einnig að hafa sig hægan, en leyfa hugmyndinni að síga smám saman inn hjá þeim sem fengju á henni áhuga.

“Never act like the leader, no matter how successful you become.” Höfundur hélt áfram að vinna að þessu þó lítil væru launin, og smám saman seig hugmyndin inn. Um vorið 1997 var hann í þeirri stöðu að hafa unnið til verðlauna í tveimur samkeppnum, og jafnframt hafði Morgunblaðið birt forystugrein í vinsamlegum tón um hugmyndir höfundar. Eflaust hefðu einhverjir viljað stíga fram og vekja á sér frekari athygli, en höfundur hélt áfram sömu stefnu um að halda sér til hlés, en leggja orku og tíma til aflögu í að þróa hugmyndir og rök eins vel og honum var unnt. Segja má að hann hafði skilið sæti leiðtogans (“leader”) eftir autt fyrir annan að setjast í.

“Be ready to bug out at a moment’s notice.” Sá sem er í þessari stöðu er það vegna þess að hann er smár (hvað varðar völd, stuðning, “hernaðarmátt”). Hann getur líklega ekki varið þá stöðu sem hann er að gegna ef stærri aðilar hefðu viljað gera verulegt skurk á þeim vettvangi og skipta sér af. Höfundur kom sér sjálfur út úr málinu og skildi það eftir fyrir aðra að fara höndum um, sem hefðu meiri áhrif til framkvæmda.

Þessi fræði voru líka meðal þess sem mótaði hugmyndir höfundar um hvernig og hvers vegna þetta litla land, Ísland, ætti að fara að því að styrkja sína markaðsmynd á sviði óspilltrar náttúru. Í því tilviki er að vísu stefnt að leiðtogastöðu á þessu sviði, enda varla það land í Vestur-Evrópu sem mun geta skákað Íslandi á því sviði sem þarna um ræðir, með stærsta þjóðgarð Evrópu, og hugsanlega áhugaverðasta hvað varðar sérstöðu. Því eiga ráðleggingar um að leika ekki leiðtoga ekki við í því tilviki.

Tekið skal fram að þrátt fyrir þessi fræði var höfundur sjálfur fremur berskjaldaður, enda stóð hann einn í þessu, hlutlaus og án stuðnings frá pólitískum flokkum eða hagsmunaaðilum, á vettvangi sem einkenndist af deilum og hagsmunaátökum.

Lokaorð

Hvaðan kom hugmyndin og rökin? Líklegt er að hugmynd að friðun Vatnajökuls hafi fyrst verið reifuð af Hjörleifi Guttormssyni árið 1993, þar sem jökullinn var meðal 17 svæða á lista sem hann setti fram, en hljótt virðist hafa verið um þá hugmynd á næstu árum. Hjörleifur setti svo fram þingsályktunartillögu á Alþingi árið 1998 um fjóra jöklaþjóðgarða, sem var undanfari þingsályktunartillögu um Vatnajökulsþjóðgarð eingöngu árið 1999. Því er ljóst að Hjörleifur átti fyrsta leik og einnig þann síðasta hvað afgreiðsluna frá Alþingi varðaði.

Hér í þessu hefti hafa komið fram flestallar upplýsingar sem skipta máli varðandi sögu málsins fyrir samþykkt þingsályktunartillögunnar, að því er höfundur telur. Höfundur ætlar ekki að setja fram fullyrðingar, en lesanda er boðið að draga eigin ályktanir um það hvað hafi beinlínis verið hvatning þeim alþingismönnum sem samþykktu tillöguna, til að samþykkja hana.

Afstaða Íslendinga til náttúrunnar hefur fram til þessa verið nytjaafstaða fyrst og fremst, frekar en afstaða verndar eða aðdáunar sem er algengari meðal þjóða á meginlöndunum beggja vegna hafsins. Vel má vera að sú staðreynd að fram voru komnar náttúruverndarhugmyndir sem voru nytjahugmyndir, þ.e. var ætlað að auka efnahagslega hagsæld á Íslandi, hafi verið hluti ástæðu þess að stofnun stærsta þjóðgarðs Evrópu með friðun á Vatnajökli og svæðum í kring fékk brautargengi. Benda má á að um 300 svæði höfðu beðið á náttúruminjaskrá án mikillar hreyfingar, sum í nokkra áratugi. Hins vegar ættu hugmyndir höfundar að hafa falið í sér ágætis fréttir fyrir náttúruverndarstefnuna, enda var þetta í fyrsta sinn sem sett var fram mjög ítarlega unnin hugmyndafræði hér á landi þar sem náttúruvernd var studd með rökum markaðsfræða og viðskiptalífsins.

Ekkert er óeðlilegt við það að fyrir hendi liggi upplýsingar um hverjir töluðu fyrir þessu máli, enda málið stórt og þjóðgarðurinn mun setja mark sitt á yfirbragð Íslands og ímynd um ókomna tíð. Höfundur hafði ekki hugsað sér að stíga fram og kynna sína vinnu á þann hátt sem gert er hér, en þróun mála hefur leitt til þess að hann telur það nú viðeigandi og æskilegt.

Til upplýsingar má geta þess að höfundur vann að þessu verkefni að mestu án launa. Á árunum 1996-97 fékk hann samtals 570 þúsund krónur í verðlaun í samkeppnum, og árið 2004 fékk hann 100 þúsund króna styrk frá umhverfisráðuneytinu. Mest af þessum peningum fór til baka í formi skatta og afturköllunar námslána, en afgangurinn í kostnað við prentun og útsendingu þessara skrifa, og líklega vel það. Höfundur var raunar ekki að óska neins í staðinn fyrir þessa vinnu. Þegar hann útskrifaðist sem viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands með fyrstu einkunn óskaði hann þess eins að geta hafið sæmilega heiðvirðan starfsferil, með starfsöryggi og tilheyrandi afkomuöryggi. Sú ósk er enn í fullu gildi.

Þá er lokið þessu hefti. Höfundur vonar einnig að lesandinn sé nokkru vísari um hugsanlegar hugmyndafræðilegar og rökrænar forsendur Vatnajökulsþjóðgarðs, eins og þær kunna að hafa verið áður en friðunin var samþykkt.

5. október 2004, Sverrir Sv. Sigurðarson.

Um höfund

Sverrir Sv. Sigurðarson er viðskiptafræðingur Cand. Oecon. Frá árinu 1992 hefur hann velt fyrir sér markaðsmálum Íslands á sviði ósnortinnar náttúru, og því hvernig sterkari ímynd landsins á sviði óspilltrar náttúru gæti styrkt stöðu ákveðinna atvinnugreina. Hann setti fram eigin hugmyndir um stofnun stórs friðaðs svæðis eða þjóðgarðs með því sértæka skrefi að friða Vatnajökul, á árunum 1995 til og með 1998. Yrði það hið stærsta í Vestur-Evrópu. Á þeim árum var hann sá eini sem kom á framfæri nýjum hugmyndum og röksemdum fyrir slíkri aðgerð. Hann benti einnig á hvernig náttúruverndarsvæði og virkjanir ættu að geta lifað saman í þokkalegri sátt. Skrif höfundar frá þeim tíma og kynningu á öðrum verkum er að finna á vefnum www.sssig.com. Hefti þetta inniheldur sjálfstæðar skoðanir höfundar og er komið á framfæri án endurgjalds sem hluti af almennri umræðu.

Fyrri skrif:

- I. Blaðgrein vegna hugmynda þá um lagningu raflínu yfir Ódáðahraun, 1993.
- II. *Fyrirspurn til dr. Jóhannesar Nordal*, blaðgrein, september 1994.
- III. Iceland's image in tourism, fyrirspurn til 30 erlendra hótelfyrirtækja, september 1994.
- IV. *Hugleiðing um Ísland og framtíðina: Friðun, leið að bættum hag?*, blaðgrein 1, janúar 1995.
- V. *Hugleiðing um Ísland og framtíðina: Friðun, leið að bættum hag?*, blaðgrein 2, janúar 1995.
- VI. *Hugleiðing um Ísland og framtíðina: Friðun, leið að bættum hag?*, blaðgrein 3, janúar 1995.
- VII. *Nánari skýringar við hugleiðingu um Ísland og framtíðina*, dreifirit, janúar-febrúar 1995.
- VIII. *Möguleiki á framkvæmd*, dreifirit, apríl 1995.
- IX. *Um sæstreng*, dreifirit, september 1995.
- X. *Ísland: Friðlýst náttúra og umheimurinn*, verðlaunatilaga í samkeppninni Ísland árið 2018, september 1996.
- XI. *Landnýting og orka*, verðlaunaritgerð í Visbendingu, apríl 1997.
- XII. *Um skipulag hálandis Íslands og alþjóðlegt samhengi*, blaðgrein, nóvember 1997.
- XIII. *Náttúra Íslands og viðskiptalífið*, grein í greinasafninu Hugmyndir, desember 1998.
- XIV. *Um viðhorf Íslendinga til virkjanamála og náttúruverndar: Hugmynd að greiningu*, dreifirit, febrúar 2001.
- XV. *Áhrif Vatnajökulshjóðgarðs á þjóðarbúið*, dreifirit, september 2004.
- XVI. *Vatnajökulshjóðgarður og jákvæð byggðaþróun og Fremur nýtilkomin viðskiptatækifæri*, dreifirit, október 2004.
- XVII. *Ávinningur orku- og stóriðjuverkefna framtíðarinnar af Vatnajökulshjóðgarði*, dreifirit, október 2004.
- XVIII. *Spurt til gamans: Hvert er hugsanlegt núvirði Vatnajökulshjóðgarðs?*, október 2004.
- XIX. *Hugmyndafræðilegar forsendur Vatnajökulshjóðgarðs, stærsta þjóðgarðs Evrópu*, október 2004.

Hafið samband:

Sverrir Sv. Sigurðarson, Keilugrandi 6, 107 Reykjavík.
Sími 552 0023, fax 552 5023, GSM 864 0023.
Tölvupóstur sverrir@sssig.com, vefur www.sssig.com.

Um forsiðuna:

Í lokaorðum rits VII í febrúar 1995 stóð eftirfarandi: *Á forsiðu þessa bæklinga er mynd af hjóli, sem táknar getur hjól atvinnulífsins eða þjóðlífsins. Má líta svo á að hver geiri þessa hjóls sé táknrænn fyrir einn af hagsmunaaðilum. Það er „í miðju hjólsins“ sem jöfnust yfirsýn er yfir markmið og þarfir allra aðila. Í tilreiðslu og framsetningu þessara hugmynda reyndi undirritaður að halda sig þar, svo minnst hætta væri á að á einhverja væri hallað.*

Höfundarréttur 2004, Sverrir Sv. Sigurðarson, öll réttindi áskilin.
Afríttun efnis er heimil, sé heimilda og höfundar getið.